



Borgarráð

Reykjavík, 19. maí 2026

MSS26050062

Framlenging á samningi Reykjavíkurborgar við Knattspyrnusamband Íslands vegna reksturs Laugardalsvallar

Lagt er til að borgarráð samþykki framlengingu á gildistíma samnings Reykjavíkurborgar við Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) vegna reksturs Laugardalsvallar til og með 31. desember 2026 með nýjum viðauka þar sem framlagið yrði óbreytt þ.e. 6 m.kr. á mánuði. Framlagið rúmast innan ramma MÍR. Reykjavíkurborg og KSÍ hafa um árabil gert með sér samninga um rekstur Laugardalsvallar og er sá síðasti frá 13. ágúst 2014 en sá samningur hefur síðan verið framlengdur með viðaukum. Síðast var gildistími samningsins, sem átti að óbreyttu að líða undir lok í árslok 2025, framlengdur til 1. júní 2026 á grundvelli samþykktar borgarráðs frá 4. desember 2025. Nú er ljóst að sú framlenging er að líða undir lok en aðilar hafa ekki náð samkomulagi um framtíðarfyrirkomulag þótt samtal um slíkt hafi verið hafið. Er því óskað eftir því að gildistími verði framlengdur á nýjan leik, með sama hætti, þ.e. til sex mánaða til viðbótar, þ.e. út árið 2026, með óbreyttu framlagi af hálfu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur á grundvelli gildandi samninga verið að greiða rekstrarframlag sem hefur numið um 72 m. kr. á ári (verðbætt fjárhæð m.v. árið 2025). Reykjavíkurborg hefur reitt umrætt rekstrarframlag af hendi vegna nánar tilgreindra afnota í gegnum tíðina og þá aðallega vegna afnota reykvískra íþróttafélaga að aðstöðu á Laugardalsvelli. Afnotin hafa á gildistíma samnings tekið breytingum og fyrirséð að frekari breytinga má vænta í náinni framtíð. Á sama tíma hefur rekstrarkostnaður vegna Laugardalsvallar aukist þar sem breytingar hafa verið gerðar á velliðum til að mæta alþjóðlegum kröfum til þjóðarleikvangs í knattspyrnu. Er nauðsynlegt að samningsaðilar nái saman um hvernig haga beri rekstri Laugardalsvallar að teknu tilliti til breyttra forsendna til frambúðar og að gildistími framlengingar verði nýttur til þess.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Beiðni um heimild til að semja um framlengingu gildandi samning við Knattspyrnusamband Íslands vegna Laugardalsvallarins



Reykjavík



Reykjavík, 19. maí 2026

MIR25110016

Tillaga: beiðni um heimild til að semja um framlengingu samnings við Knattspyrnusamband Íslands vegna Laugardalsvallarins

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Knattspyrnusamband Íslands, kt. 700169-3679 (hér eftir KSÍ) hafa um árabíl gert með sér samninga um rekstur Laugardalsvallar. Síðasti samningur milli aðila var gerður 13. ágúst 2014 en hefur verið framlengdur með viðaukum.

Á grundvelli gildandi samnings og viðauka hefur Reykjavíkurborg greitt árlegt rekstrarframlag vegna vallarins (verðbætt fjárhæð sem var um 72 m.kr. árið 2025). Reykjavíkurborg hefur reitt umrætt rekstrarframlag af hendi vegna afnota reykvískra íþróttafélaga að aðstöðu á Laugardalsvelli. Afnotin hafa á gildistíma samnings tekið breytingum og fyrirséð að frekari breytinga má vænta í náninni framtíð. Á sama tíma hefur rekstrarkostnaður vegna Laugardalsvallar aukist þar sem breytingar hafa verið gerðar á vellinum til að mæta alþjóðlegum kröfum til þjóðarleikvangs í knattspyrnu. Er nauðsynlegt að samningsaðilar nái saman um hvernig haga beri rekstri Laugardalsvallar að teknu tilliti til breyttra forsendna til frambúðar og að gildistími framlengingar verði nýttur til þess.

Að óbreyttu mun sú framlenging sem borgarráðs samþykkti þann 4. desember sl. renna út 1. júní 2026.

Af hálfu Menningar- og íþróttasviðs er því lagt til eftirfarandi að sviðsstjóra verði veitt heimild til að semja um:

- framlengingu á gildistími samnings með viðauka þannig að gildistími verði framlengdur út þann 31. desember 2026 með nýjum viðauka.
- að á tímabili framlengingar verði unnið að því að ná samkomulagi milli samningsaðila um framtíðartilhögun reksturs Laugardalsvallar.

Steinþór Einarsson
Sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs